



Fundargerð

1553. fundur bæjarráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Grænásbraut 910 - Seltjörn,
26. febrúar 2026, kl. 08:15

Viðstaddir:

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður, Díana Hilmarsdóttir, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Margrét A. Sanders og Margrét Þórarinsdóttir.

Að auki sátu fundinn Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri, Helga María Finnbjörnsdóttir áheyrnarfulltrúi og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

* * *

1. Knattspyrnudeild UMFN - umsókn um tækifærisleyfi (2026020449)
Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um tækifærisleyfi. Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.
2. Fjörheimar - umsókn um tækifærisleyfi (2026020473)
Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um tækifærisleyfi. Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.
3. Breytingar í stjórn Brunavarna Suðurnesja (2024010091)
Guðný Birna Guðmundsdóttir tekur við sem formaður stjórnar, Trausti Arngrímsson verður varaformaður.
4. Fundargerð stjórnar eignasjóðs 19. febrúar 2026 (2026010015)
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
Fyrsta máli fundargerðarinnar Æfingaaðstaða Massa, lyftingardeildar UMFN – endurbætur (2025100271) var vísað til bæjarráðs. Bæjarráð vísar málinu í umræðu um fjárfestingar 2027 og felur deildarstjóra eignaumsýslu að meta hvort einhverjir hlutar framkvæmdanna teljist varða öryggismál sem ekki má bíða með.
5. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 18. febrúar 2026 (2026010670)
Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:10